

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 34. gr. reglnanna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er einnig hægt að ráða starfsmann í sameiginlegt akademískt starf með starfsskyldum við fleiri en eitt fræðasvið og/eða deildir tveggja fræðasviða, sbr. 44. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 2. másl. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða sameiginleg akademísk störf með starfsskyldum við fleiri en eitt fræðasvið og/eða deildir tveggja fræðasviða er skipuð sérstök valnefnd, sbr. 7. mgr.
- b. Í stað orðsins „menn“ í 1. másl. 2. mgr. kemur orðið: einstaklingar.
- c. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar um er að ræða sameiginleg akademísk störf með starfsskyldum við fleiri en eitt fræðasvið og/eða deildir tveggja fræðasviða er skipan valnefndar eftirfarandi:

 - a. Einn fulltrúi tilnefndur af rektor, sem jafnframt er formaður valnefndar.
 - b. Deildarforsetar þeirra tveggja deilda sem starfinu tengjast.
 - c. Tveir fulltrúar tilnefndir hvor um sig af viðkomandi deildum hverju sinni og skulu þeir vera sérfræðingar á sviði starfsins.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 11. október 2022.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.